

en greiðsla vinninganna hefst samkvæmt vinningaskránni, skal happdrættið leggja vinninginn í sparisjóð og afhenda síðan með áföllnum vöxtum þeim, sem með dómi eða á annan hátt sannar eignarrétt sinn á vinningnum. Ef aðilar hafa ekki innan þriggja mánaða frá því að mótmæli komu fram, komið sér saman um greiðslu vinningsins, greiðir happdrættið handhafa miðans vinninginn með áföllnum vöxtum, nema sannað sé fyrir stjórn happdrættisins, að mál sé þingfest um eignarrétt vinningsins.

Ef miði glatast, sem hlotið hefur vinning, getur eigandi hans snúið sér til happdrættisstjórnar með beiðni um, að fá vinninginn greiddan, enda votti umboðsmaður sá, sem seldi miðann, samkvæmt hlutabók sinni, að umsækjandi hafi keypt af honum miðann. Ekki verður slíkri beiðni sinnt, ef hún er ekki komin í hendur happdrættisstjórnar innan 6 mánaða frá því að dregið var, enda hafi vinningurinn ekki verið greiddur gegn afhendingu miðans áður en beiðnin kom fram.

#### 24. gr.

Allir vinningar verða greiddir án nokkurs frádráttar, þó þannig, að sá, sem vinning hlýtur, er skyldur til þess að kaupa hlut, jafnstóran, í öllum þeim flokkum, sem eftir eru á árinu, og verður andvirði hlutarins dregið frá vinningnum og gefinn út ársmiði fyrir. Ef vinningur fellur á ársmiða, verður ekki um neinn frádrátt að ræða.

#### 25. gr.

Umboðsmönnum er óheimilt að svara fyrirspurnum, hvort heldur er frá almannastofnun eða öðrum, um eigendur vinninga í happdrættinu og skal beina öllum slíkum fyrirspurnum til stjórnar happdrættisins.

#### 26. gr.

Ef vinnings er ekki vitjað áður en eitt ár er liðið frá drætti þess flokks, sem vinningurinn féll í, verður hann eign happdrættisins.

#### 27. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 13 13. apríl 1973, um happdrætti Háskóla Íslands, sbr. lög nr. 96 24. desember 1974 og lög nr. 55 25. maí 1976, öðlast gildi 1. janúar 1977, þó þannig að ákvæði reglugerðarinnar um tölvudrátt koma til framkvæmda fyrr eftir ákvörðun happdrættisráðs. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 8 21. janúar 1946, um happdrætti Háskóla Íslands, sbr. reglugerð nr. 234 7. nóvember 1950.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 8. október 1976.*

**Ólafur Jóhannesson.**

*Ólafur W. Stefánsson.*

## G J A L D S K R Á

### fyrir leiðsögu við Ísland.

#### 1. gr.

Gjald fyrir leiðsögu skips er miðað við brúttórúmllestærð þess, og þá vegalengd, sem það siglir, ásamt djúpristu þess, sem er innifalin í meðfylgjandi töflu.

Fyrir hverja sjómílu, eða brot úr sjómílu, allt að 10 sjómílum að og frá höfn eða stað, þar sem skipið hefur viðkomu, skal leiðsögumanni greitt samkvæmt meðfylgjandi töflu:

Fyrir skip allt að	500 br.rúml. ....	kr.	820
— — frá	500— 1000 br.rúml. ....	—	840
— — —	1000— 1500 — .....	—	860
— — —	1500— 2000 — .....	—	880
— — —	2000— 3000 — .....	—	920
— — —	3000— 4000 — .....	—	960
— — —	4000— 5000 — .....	—	1 000
— — —	5000—10000 — .....	—	1 250
— — —	10000—15000 — .....	—	1 500
— — —	15000—20000 — .....	—	1 750
— — —	20000—30000 — .....	—	2 000
— — —	yfir 30000 — .....	—	2 100

Greiðsla fyrir sjómílu eða brot úr sjómílu fram yfir áður nefndar 10 sjómílu, skal vera:

Fyrir skip allt að	500 br.rúml. ....	kr.	200
— — frá	500— 5000 br.rúml. ....	—	250
— — —	5000—10000 — .....	—	300
— — —	10000 og þar yfir .....	—	350

Minnsta leiðsögugjald skal vera kr. 6 150.

Leggi leiðsögumaður skipi að eða frá bryggju, komi því fyrir eða losi það úr festum (mooring), skal hann fá fyrir það kr. 2 100 fyrir skip allt að 500 brúttórúml. lestin og kr. 200 fyrir hverjar 100 brúttórúml. skipsins fram yfir það.

Fyrir skip, sem sigla eftir fastri áætlun, lækka gjöldin um 25%.

## 2. gr.

Fari viðstaða skips í höfn eða viðkomustað fram úr 6 klst. á leiðsögumaður tillall til biðpeninga fyrir þann tíma, sem viðstaðan fer fram úr 6 klst. á hverjum stað. Skulu biðpeningar miðast við kr. 820 pr. klst., þó ekki lengur en 8 klst. á hverjum sólarhring. Þar að auki ber leiðsögumanni frítt fæði og hvíldaraðstaða fyrir sig og aðstoðarmenn.

## 3. gr.

Leiðsögumanni ber greiðsla alls eðlilegs og sannanlegs kostnaðar fyrir flutning sinn milli skips og lands, og ferðakostnaðar frá leiðsöguhöfn í veg fyrir skipið, eða frá því til leiðsöguhafnar. Hér meðteljast laun á ferðalögum og ef leiðsögumaður bíður skipsins eftir ákveðinn komu- eða burtfarartíma þess. Skal það á sama hátt vera greitt með kr. 820 pr. klst., þó aldrei meira en 8 klst. á sólarhring (frá 0.00—24.00).

## 4. gr.

Vetrargjaldskrá gildir á tímabilinu frá 1. október til 31. mars, og skal vera ½ hærri samkvæmt 1. gr., en óbreytt varðandi 2. og 3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 48 19. júní 1933 um leiðsögu skipa, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum heim. sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir leiðsögu við Ísland, nr. 216 28. júlí 1972.

*Samgönguráðuneytið, 28. september 1976.*

**Halldór E. Sigurðsson.**

*Ólafur S. Valdimarsson.*